

RARIK ohf
Bíldshöfða 9
110 Reykjavík

Akureyri, miðvikudag, 17. júlí 2024
UST202406-268/P.V.B.
09.07.01

Efni: Leyfi til framkvæmda-Strengjalögn friðland Svarfdæla

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn RARIK ohf., dagsett miðvikudaginn, 15. maí 2024, um leyfi til að plægja niður rafstreng innan Friðlands Svarfdæla.

Friðland Svarfdæla er friðlýst sbr. auglýsing nr. 443/1980. Bannað er að breyta landslagi á svæðinu eða farvegi Svarfaðardalsár. Óheimilt er að gera nokkur mannvirki á svæðinu. Gildir þetta um hvers konar byggingar, skurði og vegi. Til undanþágu þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að plægja streng frá tengivirki norðan Hríshöfða sem er innan friðlands og norður yfir Svarfaðardalsá, nánari upplýsingar um leið er á korti sem fylgir umsókninni sem og bréfi þessu. Framkvæmdatími er áætlaður á tímabilinu ágúst til september og gert ráð fyrir að verkefnið innan friðlands taki um eina viku.

Jarðýta verður notuð við plægingu á strengnum. Strengkefli verður á plógýtunni og beltagrafa fylgir ýtunni og lagafærir ummerki.

Gengið verður frá meðfram plógfari og ummerki lagfærð jafnóðum. Reynslan sýnir að plógfar verður ill greinanlegt innan nokkurra ára. Ekki er gert ráð fyrir varanlegum ummerkjum vegna framkvæmdarinnar.

Umfang framkvæmdar: 2-4 starfsmenn verða við plægingu auk þess sem starfsmaður RARIK sinnir verkeftirliti og tengir strenginn innan tengivirkis.

Áhrifamat:

Svæðissérfræðingur vann áhrifamat að höfðu samráði við umsjónarnefnd Friðlands Svarfdæla sem ekki gerði athugasemd við veitingu leyfisins.

Í áhrifamati er ekki gert ráð fyrir miklum áhrifum á verndargildi, náttúruferum eða gesti friðlandsins og þau áhrif sem verða eru skammtímaáhrif.

Vanda skal sérstaklega allan frágang eftir plægingu, lágmarka annað rask sem getur skapast á framkvæmdatíma sem og að upplýsa svæðissérfræðing þegar framkvæmdir hefjast og þegar þeim er lokið. Huga þarf sérstaklega að fuglalífi og varpi þar sem megin verndargildi friðlandsins er fuglalíf svæðisins og búsvæði fugla og því mikilvægt að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en eftir 1. september. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á svæðinu telur að

framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á verndarsvæðið til lengri tíma að uppfylltum ofangreindum skilyrðum. Reikna má með neikvæðum áhrifum á meðan á framkvæmdum stendur sem skal lágmarka eins og kostur er með lágmarks raski og góðri umgengni.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir RARIK ohf fyrir sitt leyti leyfi fyrir plægingu rafstrengs innan Friðlands Svarfdæla sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum. Leyfið gildir frá 1. september en vegna slæmra skilyrða í vor fyrir fuglalíf má búast við að varp sé seinna en í meðalári.

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðin en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Dagbjört Jónsdóttir
svæðissérfræðingur

